



<b>Dagsetning:</b>	<b>28. nóvember 2017 Kl. 20:00</b>
<b>Fundarstaður</b>	Íþróttamiðstöð GKG
<b>Fundarstjóri</b>	Gunnar Jónsson
<b>Fundarritari:</b>	Símon Kristjánsson

## 1. Fundarstjóri og fundarritari kosnir.

- Formaður setti fundinn formlega og bauð félagsmenn velkomna. Formaður lagði til að Gunnar Jónsson yrði fundarstjóri og var það samþykkt. Fundarritari aðalfundar var skipaður Símon Kristjánsson. Fundarstjóri kannaði lögmæti fundarins og úrskurðaði að löglega hefði verið til hans boðað og fundurinn þar með lögmætur aðalfundur, bær til afgreiðslu þeirra mála sem fyrir liggja.

## 2. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.

- Finnur Sveinbjörnsson formaður byrjaði á að þakka þeim sem mætt voru á aðalfundinn, en nálægt 100 félagar mættu að þessu sinni. Það kom fram hjá honum að ársrit GKG verði sent á heimili allra félagsmanna. Því næst fór formaður yfir skýrslu stjórnar og bar þar hæst:
  - Íþróttamiðstöð sem var vígð 9. apríl 2016. Hún hefur verið í rekstri einn vetur og tvö sumur. Við erum að læra hvernig er best að reka og nýta aðstöðuna. Salurinn og fundarherbergin eru nýtt bæði fyrir félagsstarfið og veitingarekstur auk þess sem aðstaðan er leigð utanaðkomandi aðilum. Golfhermarnir hafa reynt afar vinsælir, enda hafa þeir gerbreytt möguleikum GKG-inga til að stunda íþróttina yfir vetrarmánuðina. Með hliðsjón af þessu var ákveðið að kaupa fimm herma til viðbótar og staðsetja þá í opna rýminu í fyrstu hæð íþróttamiðstöðvarinnar.
  - Grasvandamál á flötum kom í ljós snemmsumars og mikil óánægja meðal kylfinga með flatirnar. Reynt var að takast á við þetta vandamál í sumar en með misjöfnum árangri. Nú hefur þetta verið tekið föstum tókum og aðgerðaráætlun mótuð og verður farið betur yfir það seinna á fundinum.
  - Íþróttastarf GKG en ítarlega er fjallað um það í ársritinu. Formaður nefndi sérstaklega þrjú atriði. Í fyrsta lagi stóraukinn fjöldi ungmenna á sumaræfingum GKG eða 247 samanborðið við 192 árið áður. Í öðru lagi mikla fjölgun GKG-inga á Íslandsbankamótaröð unglinga þar sem stjórnurnar verða til. Annað árið í röð átti GKG flesta þátttakendur á þessari mótaröð. Í þriðja lagi nefndi hann Íslandsmeistaratitlana sjö og árangur Birgis Leifs Hafþórssonar og Arons Snæs Júlíussonar á mótum erlendis. Loks er ástæða til að nefna góðan árangur karlakeppnissveitar GKG á Evrópumóti klúbblíða eftir sigur á Íslandsmóti golfklúbba.
  - Nýtt aðalskipulag Garðabæjar getur orðið örlagavaldur í sögu GKG. Drög að nýju aðalskipulagi voru kynnt opinberlega í október 2016. Í nýju aðalskipulagi er gert ráð fyrir að hluta af athafnasvæði GKG verði ráðstafað til annarra nota. Á móti er gert ráð fyrir að félaginu verði bætt það upp með svæði sem teygir sig í átt að Vífilsstaðavatni. Stjórn GKG hefur lagt áherslu á að vinna með bæjaryfirvöldum í því skyni að finna lausn sem hentar sem flestum og feli í sér að aðstaða GKG verði ekki lakari eftir en áður.
  - Formaður fór yfir hvernig stjórn GKG var skipuð frá síðasta aðalfundi 30. nóvember 2016 og að stjórnin hafi haldið 11 stjórnarfundum á starfsárinu. Þá átti stjórnin rafræn samskipti þegar ástæða var til. Auk þess funduðu formaður og gjaldkeri reglulega með framkvæmdastjóra. Formaður þakkaði stjórnarmönnum fyrir óeigingjarnt starf í þágu GKG.

### 3. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykkis

- Agnar Már Jónsson framkvæmdastjóri GKG fór yfir reikninga klúbbsins fyrir starfsárið 2016 – 2017 og útskýrði þá. Félagsgjöld voru undir áætlun vegna fækkunar í klúbbum. Það verður lögð áhersla á að að fjölga félögum á ný á næsta ári. Vallargjöld voru hærrí á árinu sem segir okkur að fleiri eru að heimsækja okkur og spila vellina. Leigutekjur voru hærrí og þar eru hermarnir að koma vel út.
- Tap klúbbsins var 534.205-kr.
- Afborganir af lánum verða rúmlega 20 m.kr. á næsta ári.
- Fundarstjóri bar skýrslu stjórnar og ársreikninga félagsins upp til umræðna og gaf orðið laust. Engar athugasemdir komu fram.
- Reikningarnir voru því næst bornir upp til atkvæða og þeir samþykktir samhljóða.

### 4. Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt.

- Agnar Már Jónsson framkvæmdastjóri GKG kynnti tillögu stjórnar að fjárhagsáætlun fyrir komandi ár. Breyting er á öldungagjaldi, en það verður miðað við 68 ára aldur. Nýtt gjald 75+ fyrir þá sem hafa verið í GKG 10 ár eða lengur og þurfa viðkomandi að sækja um þetta. Áætlunin er byggð á þeim forsendum að félagsgjöld verði kr. 104.900- fyrir fullborgandi, kr. 52.450- fyrir 75+ ára, kr. 78.675- fyrir 68 ára, kr. 52.450- fyrir 19 til og með 24 ára, kr. 25.450- hjá 11 til og með 18 ára og kr. 16.000- hjá 10 ára og yngri.
- Gert er ráð fyrir að bæta við 30 – 40 félagsmönnum á næsta ári. Það er erfiðara að fá styrki frá fyrirtækjum núna greinilega mikið aðhald hjá þeim. Golfmótum verður ekki fjölgað á næsta ári.
- Gert er ráð fyrir auknum launakostnaði á árinu vegna fjölgunar starfsmanna og við fáum færri starfsmenn frá sveitarfélögunum. Áætlaður hagnaður er 5 m.kr. og vélakaup um 25 m.kr.
- Fundarstjóri bar því næst fjárhagsáætlunina upp til umræðu. Þrjár fyrirspurnir komu fram.
  - Sp. Gunnar Johnsen spurði um inntökugjald.
  - Svar: AMJ svaraði að það verður ekki á meðan klúbburinn er ekki með biðlista.
  - Sp. Magnús hvað eru margir félagar í GKG.
  - Svar: AMJ svaraði það að eru 1.849 félagar og það er pláss fyrir fleiri.
  - SP. Eiríkur spurði um nýja golfherma verður ekki hægt að slá í net.
  - Svar: AMJ svaraði að það verður hægt að slá þó hermar séu ekki í notkun einnig verða góð tilboð í boði t.d 15 mín.

### 5. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn

Formaður Finnur Sveinbjörnsson og gjaldkeri Kristinn Jörundsson höfðu ákveðið að gefa ekki kost á sér til endurkjörs. Tillögur kjörnefndar voru eftirfarandi.

- Tillaga um Guðmund Oddson sem formann til eins árs og var hún samþykkt með lófaklappi.
- Tillaga um fjóra stjórnarmenn til tveggja ára, þau Gunnar Jónsson, Jón K. Baldursson, Þorgerði Jóhannsdóttur og nýliða í stjórn Sigurð Kristin Egilsson og var hún samþykkt með lófaklappi.

### 6. Kosning endurskoðenda.

- Tillaga um KPMG sem endurskoðendur var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## 7. Önnur mál.

- Agnar Már Jónsson framkvæmdastjóri kynnti viðhorfskönnun GKG. 415 félagar svöruðu könnun.
- Guðmundur Oddson nýkjörinn formaður tók til máls og þakkaði traustið sem honum var sýnt og sagði eins og annar frægur maður; hér stend ég og get ekki annað. Stefnið á að koma rekstrinum í plús á næsta ári. Hann taldi einnig mikilvægt að vinna vel með Garðabæ að breytingum á vellinum.
- Agnar Már Jónsson fór yfir hvað væri framundan varðandi völlinn en mikil óánægja var með flatirnar þetta árið. Hér er hægt að nálgast frekari upplýsingar um hvernig unnið verður að lagfæringum á vellinum á næstunni.  
<http://gkg.is/flatirnar-i-fremstu-rod/>  
Einnig kom fram að ný facebook-síða verður sett upp þar sem eingöngu verður fjallað um vellina hjá GKG.
- Finnur Sveinbjörnsson formaður veitti eftirfarandi viðurkenningar:
  - Holumeistari var Einar Þorsteinsson
  - Þrjú efstu í mánudagsmótaröðinni voru.
    1. Atli Ágústsson
    2. Óðinn Gunnarsson
    3. Ríkharður Kristinsson
  - Háttvísibikar GSÍ fékk Hulda Clara Gestsdóttir og hér eru góðar upplýsingar um hennar frábæra feril hingað til.  
<http://gkg.is/hulda-clara-hlaut-hattvisibikarinn/>

Ekki var fleira á dagskrá fundarins.

Fundarstjóri þakkaði fyrir góðan fund og sleit fundi kl. 22:00